

ÁSMEGIN

I

Í grein eftir Þorstein Jósefsson skáld, í Mbl. fyrir skömmu, var sagt frá því hvernig 4 frægir hlaupagarpar þutu tiltekinn spöl á skemmri tíma þegar þeir kepptu hver með öðrum, en nokkur þeirra hafði getað gert þegar hann keppti einn við aðra, eða þá þreytti skeið þetta einn. Orka þeirra fjögra, þegar þeir eru samtaka, verður meiri en samanlögð orka þeirra þegar hver keppir sér. Virðist þarna koma til greina mjög merkilegt lögmál í lífaflfræði (biodynamik), lögmál sem vísindi framtíðarinnar munu fást mjög mikið við að rannsaka og kenna hvernig færa skuli sér í nyt. En af goðasögum má nokkuð ráða, hvernig til hagar, þar sem lögmál þetta er þekkt og notað. Allir kannast við megingjarðir Þórs og hversu honum „óx ásmegin hálfu“ er hann spennti þeim um sig. Og þarf að vísu ekki annað en þessa sögu, ef hún er rétt skilin, til að sýna að guðir forfedra vorra — að gyðjunum ógleymdum — voru annað og meira en hugarburður hinna trúuðu. Vitanlega gat þó ekki hjá forfedrunum verið um neinn skilning að ræða á þessu atriði guðlegrar líffræði. Það er einmitt einkenni á goðasögum, að þar er aldrei um verulegan skilning að ræða — t. d. eru megingjarðir Þórs ekki neitt belti, sem hann gæti spennt um sig, heldur orkusamband hans við Æsi aðra — en þó eru sögur þessar svo afar merkilegar, af því að vér fáum þar veður af þroskaðra lífi og fullkomnara ástandi en hér á jörðu er. Og ekki síst er þessi megingjarðasaga merkileg og íhugunarverð. Mannkynið allt gæti margfaldað krafta sína ef menn skildu þetta rétt, uppgötvuðu það náttúrulögmál, sem hér kemur til greina og lifðu eftir því. Það sem á riður

er að læra að vera samhuga, samtaka og samstilltir um rétt mál. Því betur sem þetta tekst, því greiðari er aðgangur að hinum magnandi krafti tilverunnar. Eða með öðrum orðum því fremur getur guð náð að koma fram í mönnunum, hjálpa þeim, færa þá nær hinu guðlega. En takmark alls lífs er að ná þeirri samhverfing og samhæfing, að fullkomið samband náist við hinn skapandi kraft. Er þar til mikils að keppa, eins og vér getum fengið nokkra hugmynd um, ef vér virðum fyrir oss mikilleika heimsins. En, því miður, gera menn hér á jörðu svo margt sem miðar einmitt þveröfugt við það sem vera ætti. Og árangurinn er hverskonar böll og hörmungar. Það er jafnvel eins og náttúruöflin tryllist, þegar mennirnir breyta þvert gegn því sem hinn skapandi kraftur þessa mikla og furðulega heims ætlast til af þeim.

II

Vorið 1914 reyndi ég til að vekja athygli á því, að mannkynið væri státt á þýðingarmeiri vegamótum en nokkru sinni áður. Fór og þar sem ég sagði að verða mundi, ef hinni röngu stefnu væri haldið. Mun engum, sem nokkuð hefir um þessi efni hugsað, geta blandast hugur um, að vegferð mannkynsins síðan, hefir verið mjög um ófærur. Þar hefir verið mjög um það að ræða, að brjótast og byltast, og greinilega komið í ljós, að engin sú leið sem reynd hefir verið, er hin rétta. Að vísu hefir verið eigi alllítið um skilning á því, að samtaka- og vinarhugur verði að koma í staðinn fyrir styrjaldar og streituhugarfarið, og viðleitni í þá átt. En þó eru nú allar horfur á því, að hitt muni mega sín meir, og aldrei hefir í sögu mannkynsins verið af öðru eins kappi til bardaga búist og á þessum síðustu tímum. Þarf nú ekki um það að efast, hvað verða vill, ef ekki er það ráð tekið, að breyta alveg um stefnu. Það þarf að ná til þekkingar þar sem áður var aðeins trú eða vantrú, færa út vísindin þannig, að vér getum orðið aðnjótandi aðstoðar þeirra sem á öðrum jörðum eru miklu lengra komnir á framfaraleið, en mannkyn vorrar jarðar. En takist ekki þessi stefnubreyting, þá er óhætt að segja, að skammt er til ógurlegri tíðinda en orðið

hafa áður í sögu mannkynsins. Og er mjög líklegt, að þjóðin sem fyrst líður undir lok í þeim ragnarökum, mundi verða hin sama sem hefir lifað við svo erfiðar ástæður, að henni stórfækkaði einmitt á þeirri öld (hinni 18.) sem skyldum þjóðum fór fyrst að fjölga að ráði. Yrði þá illur endir á sögu þeirrar þjóðar, er fljótt mundi geta sýnt, ef hinni góðu stefnu yrði náð, að hún er til mikilla muna meira verð en hvað hún er margmenn.

22. nóv. 1936.